



Mynd: Jón Sigurðsson.



Tré ársins 2002

Bræðurnir á Stóru-Giljá rísa hátt og horfa vítt



Mynd: Jón Geir Pétursson.

Tré ársins eru tvö sitkagrenitré við bæinn Stóru-Giljá í Austur-Húnavatnssýslu. Bærinn stendur við þjóðveg 1 og blasa trén við sjónum manna, þegar ekið er úr Vatnsdalnum til Blönduóss. Þau standa á hörðum bala sunnan við íbúðarhúsið í stórum garði sem hallar frá íbúðarhúsinu niður að Giljá. Garðurinn er umlukinn alaskavíði og mörg smærri grenitré eru í neðri hluta hans. Þau þrífast mjög vel í skjólinu af víðinum og ágætum jarðraka.



Dulúðug mynd frá 2001.
Mynd: Jón Geir Pétursson.

Austara tréð (nær þjóðveginum) er herra og fallegra að sjá. Það mældist 9,7 m haustið 2001 og var 89 cm í ummál. Vestara tréð mældist 9,1 m á sama tíma og var ummál þess 99 cm. Trén standa um þrjá metra frá íbúðarhúsinu. Bil milli þeirra er um þrír metrar. Bæði eru tvítoppa síðustu 1-2 metrana. Eflaust eru það vindhviður með þaki hússins sem hafa valdið því að þau urðu tvítoppa. Erfitt er fyrir þau að braggast við þakbrúnir hússins og glíma þar við norðanáttina, sem er oft þurr og köld. Stutt er til Húnafljarðar, þaðan sem salt sjávar berst með norðanáttinni og leggst jafnt á gróður jarðar sem annað.

Séra Jón Pétursson, prestur í Steinnesi, lýsir veðráttunni í þingeyrasókn þannig um 1840 (Stóra-Giljá var og er í Þingeyrasókn.).:

„Viða er hér veðrasamt, einkum af landsuðri og útsuðri, og fremur má hér heita þurrka- en rigningasamt.



Stóra-Giljá um 1980. Sjá má að trén eru komin vel á legg. Myndin fengin frá fjölskyldunni á Stóru-Giljá. Höfundur óþekktur.

Ekki má hér heita snjóasamt og minnst af landnorðri, helzt af há og útnorðri samt útsuðri.

Sveljandasamt er hér sökum landslagsins af flestum áttum, þó langmest af norðri.“

Ekki hefur veðráttan breyst mikið á þessum 160 árum sem liðin eru. Óhagstæðir vindar blása svipað og þá. Enda hefur landslagið, þ.e. fjöllin, dalirnir og sjórinn, ekki færst mikið úr stað.

Ekkert er minnst á trjágróður í sókninni í þessari ágætu lýsingu sem prestar og prófastar landsins áttu að semja, út frá þeim sjötíu spurningum sem þeir fengu í hendur.

Í dag er nokkuð um trjágróður í

sókninni. Má þar helst nefna Ólafslund, sem stendur við þjóðveg 1 hjá Sveinsstöðum og Þór-dísarlund sem er þar skammt frá.

Ekki er Austur-Húnavatnssýsla þekkt fyrir trjágróður nú á tímum eða á öldum áður. Margt annað má þó nefna. Frægir menn hafa víða búið í sýslunni. Á Stóru -Giljá bjó Koðrán bóndi, sem var faðir Þorvalds víðförla, fyrsta kristniboðans á Íslandi. Í byrjun 11. aldar bjó Bjarnharður biskup hinn saxneski um hrið á Giljá og boðaði trú.

Ýmsir þjóðkunnir menn hafa búið á Stóru-Giljá eða geta rakið þangað ætt sína. Má þar nefna Grím lögsagnara Grímsson en hann var afi Ingibjargar Jónsdóttur húsfreyju á Bessastöðum, móður Gríms Thomsens.

Á Stóru-Giljá hefur oft verið mannmargt. Þegar bræðurnir Sigurður og Jóhannes Erlendssynir höfu búskap á Stóru-Giljá fljótlega upp úr aldamótum, voru hús orðin mjög hrörleg. Á þriðja áratugnum höfðu þeir reist eitt mesta íbúðarhús á Íslandi í sveit á þeim tíma. Var gestrisni þeirra bræðra viðbrugðið, enda jafnan gestkvæmt mjög og bærinn þar að auki verið lengi í þjóðbraut.

Í dag búa þar tvær fjölskyldur og eru það hjónin Sigurður Erlendsson og Þóra Sverrisdóttir með þrjú börn sín, ásamt Erlendi Eysteinessyni og Helgu Búdóttur sem eru foreldrar Sigurðar.

Sagan á bak við þessi tvö myndarlegu grenitré, sem standa svo hnarreist norður í Húnavatns-sýslu, hófst vorið 1964. Þá komu hjónin Ásgerður Guðmundsdóttir og Hallgrímur Vilhjálmsson, sem áttu heima á Akureyri, að Stóru-Giljá til að dvelja þar nokkra daga. Þau höfðu komið oft áður að Giljá til að hitta kunningja og vini í sveitinni. Ásgerður var systurdóttir þeirra Sigurðar og Jóhannesar Erlendssona. Þeir bræður ólu hana upp.

Ásgerður og Hallgrímur höfðu með sér sex grenitrjáplöntur frá Akureyri, sem þau tóku úr eigin garði að Víðivöllum 22. Plönturnar fengu þau að gróðursetja sunnan við Stóru-Giljábæinn. Reiturinn var strax girtur af með venjulegu girðingarneti.

Á Stóru-Giljá voru meðal margra annarra á þeim tíma Klara Bjarnadóttir ásamt þremur sonum sínum Þorsteini Sigurðssyni, Jónasi og Hávarði Sigurjónssonum sem voru allir vinnumenn hjá bræðrunum eins og Sigurður og Jóhannes voru ævinlega nefndir.

Þegar Hallgrímur hafði gengið frá gróðursetningunni og girðing-

unni með aðstoð heimamanna, fól hann Hávarði sérstaklega alla umönnun þessara trjáplantna. Hann kom svo næstu vor og haust á eftir, til að sjá hver framvinda þeirra yrði.

Það sem Hávarður átti að gera var að líta sem oftast til plantnanna, helst daglega. Sækja gamalt kúahland og blanda það með vatni að vissum styrkleika. Hella því umhverfis hverja plöntu tvisvar í viku og vökva að auki daglega með vatni, væri þurrkatíð. Þessu sinni Hávarður samviskusamlega svo sem öllu öðru sem honum var falið að gera. Plönturnar döfnuðu vel en þær voru talsverðir sprotar þegar þær voru settar niður.

En svo fór þegar vetur konungur fór að blása af norðri fyrir hús-hornin, að endatrén urðu fyrir áföllum og ekki liðu mörg ár þar til þau báru ekki sitt barr meira.

Trén sem stóðu fyrir miðju húsinu höfðu hinsvegar skjól fyrir norðanáttinni og morgunsólinni. Þau döfnuðu nokkuð vel.

Þó kom fljótlega í ljós að þau stóðu of þétt og báru skugga hvert af öðru. Á áttunda áratugnum var gripið til þess ráðs að fella tvö þeirra og virkaði það eins og vítamínsprautu á þau sem eftir stóðu. Nú eru efstu toppar þeirra í svipaðri hæð og þakið á húsinu og óvíst hvernig þeim reiðir af, þegar íbúðarhúsið skýlir þeim ekki lengur. Margir fuglar hafa átt hreiðurstæði í trjánum og skjól á liðnum árum. Á sl. sumri verptu tveir skógarprestir í vestara trénu. Annar var svo til efst í trénu og hinn í því neðarlega.

Góð umönnun í æsku skilar oft góðu til fullorðinsáranna hjá mannfólki og dýrum. Ætli sama gildi ekki um trjágróðurinn?



Barn Þóru og Sigurðar, Sverrir Helgi, sefur vært undir limum grenitrjáanna. Mynd: Páll Ingþór Kristinsson.

Heimildir:

Hávarður Sigurjónsson verslunarmaður, Blönduósi.

Erlendur G. Eysteinnsson bóndi, Stóru-Giljá.

Árbók Ferðafélags Íslands, 1964.

Sýslu- og sóknarlýsingar. Húnavatnssýsla.

Húnavaka, 1982.

Pakkaferðir

um allt land – daglega



Við bjóðum allan pakkann

- Flytjandi sér um stórar sem smáar pakkasendingar
- Daglegar ferðir flutningabíla
- Í tengslum við reglulegar strandsiglingar Eimskips eru allir flutningar mögulegir
- Persónuleg þjónusta á afgreiðslustöðum okkar um allt land
- 40 ára reynsla af flutningum

Kynntu þér möguleikana í síma 515 2200

Flytjandi
- á réttri leið

